

## Hagvöxtur landshluta 2012-2019



Hagvöxtur landshluta 2012-2019. Unnið af Dr. Sigurði Jóhannessyni hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands í samvinnu við Sigurð Árnason á Próunarsviði Byggingastofnunar. Útgefið í desember 2020.

## Efnisyfirlit

Hagvöxtur um allt land 2012-2019.....	3
Munur á framleiðslu á mann eftir landshlutum er óvíða minni en hér.....	7
Eftir ferðamannasprengjuna .....	8
Aðferðir við útreikninga breytast .....	9
Góður vöxtur á höfuðborgarsvæðinu.....	10
Vöxtur utan höfuðborgarsvæðisins litlu minni en í borginni.....	11
Efnahagsundur á Suðurnesjum .....	12
Vöxtur af fjölbreyttum toga á Vesturlandi .....	13
Aukning í sjávarútvegi og eldi á Vestfjörðum.....	14
Hægur vöxtur á Norðurlandi vestra .....	15
Samfelldur vöxtur á Norðurland eystra, en alltaf minni en í öðrum landshlutum.....	16
Atvinnulíf á Austurlandi enn að laga sig að tilkomu álvers .....	17
Hagvöxtur á Suðurlandi yfir landsmeðaltali .....	18

## Hagvöxtur um allt land 2012-2019

Árið 2018 komu til Íslands 5% fleiri erlendir ferðamenn en árið á undan. Þetta var töluverð breyting, því að næstu sjö ár á undan fjölgaði erlendum ferðamönnum um tugi prósentu frá fyrra ári. Árið 2018 markaði því þáttaskil að því leyti að í fyrsta sinn í mörg ár bar straumur ferðamanna ekki uppi kröftugan hagvöxt. Vorið 2019 hætti flugfélagið Wow síðan starfsemi. Erlendir ferðamenn voru rétt tæpar tvær milljónir það ár, um 14% færri en árið á undan. Góður hagvöxtur var samt í öllum landshlutum árið 2018 og árið 2019 var vöxtur líka alls staðar yfir núlli, en vöxturinn átti sér aðrar skýringar en ferðaþjónustu. Árið 2019 reyndist síðasta árið í vaxtarskeiðinu sem hófst 2011.


Litlu munar á hagvexti á höfuðborgarsvæðinu og utan þess árin 2012-2019. Að jafnaði er vöxtur á ári 1½-2% meiri en undanfarna fjóra áratugi. Utan höfuðborgarsvæðisins er hagvöxtur mismikill, þó að hann sé alls staðar vel yfir núlli. Tveir landshlutar gnæfa yfir aðra: Suðurnes, þar sem framleiðsla jókst að jafnaði um 8½% á ári og Suðurland, þar sem hagvöxtur var að jafnaði 5%. Athygli vekur nokkuð stöðugur vöxtur á Vestfjörðum, þar sem framleiðsla og byggð virtust um tíma vera í afturför. Minnst jókst framleiðsla á Austurlandi, þar sem atvinnulíf er sennilega enn að laga sig að hinni miklu viðbót sem þar varð með álveri í Reyðarfirði á fyrsta áratug aldarinnar.

Tafla 1. Vöxtur í öllum landshlutum 2012-2019, en mestur á Suðurnesjum og Suðurlandi.

	Höfuð- borgar- svæði	Utan höfuð- borgarsv.	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Allt landið
2013	4%	4%	6%	1%	5%	3%	3%	3%	4%	4%
2014	3%	2%	4%	4%	-1%	0%	2%	1%	2%	3%
2015	5%	5%	9%	4%	5%	1%	3%	4%	5%	5%
2016	7%	6%	14%	5%	4%	4%	5%	-3%	8%	7%
2017	5%	5%	15%	4%	0%	0%	2%	2%	5%	5%
2018	5%	5%	9%	6%	5%	4%	3%	4%	6%	5%
2019	2%	2%	2%	0%	5%	5%	1%	1%	4%	2%
2012-2019	35%	33%	76%	27%	25%	18%	21%	12%	41%	35%
Á ári	4,4%	4,2%	8,4%	3,4%	3,2%	2,4%	2,7%	1,6%	5,0%	4,3%

Mynd 1 hér á eftir sýnir samsetningu hagvaxtar frá 2012 til 2019. Ferðaþjónusta á þátt í vextinum, en hann á sér miklu fjölbreyttari skýringar en ef aðeins er horft fram til ársins 2017. Raunar vaxa atvinnugreinaflokkarnir níu, sem skoðaðir eru, í nær öllum landshlutum og þar sem framleiðsla dregst saman er það lítið. Ferðaþjónusta er meginskýringin á miklum vexti á Suðurnesjum og Suðurlandi. Á báðum svæðum skýra greinar sem tengja má að minnsta kosti að hluta við hana 40-45% af vextinum. Þetta eru verslun, hótél og veitingasala, samgöngur og fjarskipti. Fjármál, leiga og sérfræðiþjónusta skýra tæpan þriðjung hagvaxtar á Suðurnesjum. Að líkindum vega fasteignaviðskipti og leiga á húsnæði, bílum og tækjum þar þungt. Sjávarútvegur eflist líka á Suðurnesjum á tímabilinu, eins og raunar víðar. Nálægð við höfuðborgarsvæðið á líka þátt í hagvexti á Suðurnesjum og Suðurlandi þessi ár. Á árunum 2012-2019 fluttu tæplega sex hundruð manns frá höfuðborgarsvæðinu til Suðurnesja umfram þá sem fluttu til borgarinnar. Rúmlega níu hundruð manns fluttust frá borginni til Suðurlands umfram þá sem fluttu í hina áttina. Margir vinna áfram í höfuðborginni, en borga minna fyrir húsnæði á nýjum stað. Eftir því sem þensla eykst og húsnæðisverð hækkar í borginni taka fleiri þennan kost. Í þjónustukönnun Bygðastofnunar 2018 kom fram að 18-19% íbúa á

Suðurnesjum sóttu vinnu til höfuðborgarsvæðisins.<sup>1</sup> Þá sóttu um 11% íbúa á Suðurlandi vinnu til borgarinnar,<sup>2</sup> sennilega flestir úr Hveragerði, Ölfusi og Selfossi. Í þessu uppgjöri er framleiðsla tengd við búsetu en ekki vinnustað, þannig að þegar Reykvíkingur flytur austur yfir fjall en vinnur áfram í höfuðborginni kemur það fram sem hagvöxtur á Suðurlandi. Nokkur vöxtur er í sjávarútvegi. Árin 2018 og 2019 kom meiri fiskafli á land en árin á undan, ekki síst á Norðurlandi vestra, Suðurnesjum Vestfjörðum og Vesturlandi. Áður hafði afli aukist á Austurlandi. Hagvöxtur á Vestfjörðum á sér fjölbreyttar skýringar. Rúmur fjórðungur á sér rætur í sjávarútvegi og rúmur fimmtungur í fiskeldi. Kraftur hefur færst í byggingarstarfsemi víða um land og iðnaður vex á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi.




Mynd 1. Hagvöxtur árinna 2012-2019 á sér margar skýringar.

Framleiðsla á mann er meiri á höfuðborgarsvæðinu en utan þess, en mest er hún á Austurlandi. Framleiðslan skiptist í launatekjur og tekjur af fjármagni. Á Austurlandi fara saman háar atvinnutekjur á sjó og í álveri og mikil fjárfesting í álverinu, en annars staðar úti um land eru atvinnutekjur á mann minni en í borginni. Framleiðsla á mann er minnst á Norðurlandi og Suðurlandi. Freistandi er að tengja það við öflugan landbúnað í þessum landshlutum, en í landbúnaði eru tekjur allajafna litlar.

<sup>1</sup> Fram kom að 41% íbúa á Suðurnesjum sóttu vinnu út fyrir sinn bæ, þar af 45% til höfuðborgarsvæðisins. Byggðastofnun, 2018, Þjónustukönnun, Suðurnes. Sótt af: <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/thjonustukonnun2018/1-sudurnes-loka.pdf>

<sup>2</sup> Um 40% sóttu vinnu út fyrir sinn heimahrepp, þar af 28% til höfuðborgarsvæðisins. Byggðastofnun, 2018, Þjónustukönnun, Suðurland. Sótt af: <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/thjonustukonnun2018/3-sudurland-loka.pdf>.

Framleiðsla í frumgreinum, sjávarútvegi og landbúnaði, markast af fiskafla, heyfeng og annarri uppskeru og beitarþoli afrétta. Vaxtarfæri eru í þessum greinum, en þau eiga sér efri mörk. Á mynd 2 má sjá hlut frumgreina í framleiðslu árið 2012 á láréttum ási og



Mynd 2. Vaxtarfæri eru takmörkuð í frumgreinum. Stærð hringjanna ræðst af framleiðslu 2012.

mynd 2 má sjá hlut frumgreina í framleiðslu árið 2012 á láréttum ási og hagvöxt á árunum 2012 til 2019 á lóðréttum ási. Hugmyndin er sú að hagvöxtur sé hægur þar sem frumgreinar vega þungt í atvinnulífinu. Samhengið er ekki einhlítt, en myndin gengur að minnsta kosti ekki þvert á hugmyndina. Aðeins er horft á fá ár. Mikið vægi frumgreina þarf ekki að draga úr vexti af öðrum toga. Nýleg dæmi eru um að öflug starfsemi hefjist á svæðum þar sem frumgreinar eru sterkar. Virkjun og stóriðja hafði í vör með sér mikinn vöxt á Austurlandi á fyrsta áratug aldarinnar og nú vex fiskeldi hratt á Vestfjörðum. Ekki má heldur gleyma því að víða eru frumgreinar meginástæðan fyrir byggð.

Hagvöxtur á mann er að meðaltali rúmlega 2½% á ári, eins og sjá má í töflu 2. Hagvöxtur á mann er nokkru minni en

heildarhagvöxtur, enda fjölgar fólki að jafnaði um 1½% á ári á tímabilinu. Vöxturinn er með mesta móti. Hann er nálægt 1% yfir meðaltali undanfarinna fjögurra áratuga. Framleiðsluhugtakið sem hér er notað (vergar þáttatekjur) er reyndar ekki alveg það sama og það sem oftast heyrst (verg landsframleiðsla), en ekki ætti að muna miklu á vexti þeirra að jafnaði.

Tafla 2. Framleiðsla á mann er mest á Austurlandi og höfuðborgarsvæðinu. Milljónir króna á verðlagi 2015.

	Höfuð- borgar- svæði	Utan höfuð- borgarsv.	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Allt landið
2012	5,9	5,0	4,4	5,0	5,1	4,4	5,1	7,6	4,5	5,6
2013	6,1	5,2	4,6	5,1	5,4	4,6	5,2	7,8	4,7	5,7
2014	6,2	5,2	4,7	5,2	5,3	4,6	5,3	7,8	4,7	5,8
2015	6,4	5,4	5,0	5,4	5,6	4,7	5,5	8,1	4,9	6,1
2016	6,8	5,7	5,5	5,6	5,9	4,9	5,7	7,9	5,2	6,4
2017	6,9	5,8	5,9	5,7	5,8	4,8	5,7	8,0	5,3	6,5
2018	7,1	5,9	6,0	6,0	6,0	5,0	5,8	8,2	5,4	6,7
2019	7,1	6,0	5,9	5,9	6,3	5,2	5,9	8,1	5,5	6,7
Breyting á ári 2012-2019	2,7%	2,5%	4,5%	2,3%	3,0%	2,5%	2,0%	0,9%	2,7%	2,6%

Nokkru munar á mannfjölgun frá einum landshluta til annars. Fólki fjölgar um 29% á Suðurnesjum frá 2012-2019 og 17% á Suðurlandi, en íbúafjöldi breytist lítið á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Vöxtur á mann er mestur á Suðurnesjum, en næstmestur á Vestfjörðum og Suðurlandi. Sérstaka athygli vekur hvað Vestfirðir eru ofarlega á blaði. Minnst vex framleiðsla á mann þar sem hún er mest, á Austurlandi, en munur á svæðum helst þó svipaður á algengan

mælikvarða. Oft er horft á mun á 90. hundraðsmarki (tekjur 90% landsmanna eru minni) og 10. hundraðsmarki (tekjur 10% landsmanna eru minni). Í töflu 3 er svæðum ráðað þannig að efst er framleiðsla á mann mest en neðst er hún minnst. Á höfuðborgarsvæði er framleiðsla á hvert

Tafla 3. Framleiðsla á mann eftir hundraðsmarki 2019.

	Framleiðsla á mann 2019	% með minni	% með meiri
Austurland	8,1	97 %	0 %
Höfuðborgarsvæði	7,1	33 %	3 %
Vestfirðir	6,3	31 %	67 %
Suðurnes	5,9	23 %	69 %
Vesturland	5,9	19 %	77 %
Norðurland eystra	5,9	10 %	81 %
Suðurland	5,5	2 %	90 %
Norðurland vestra	5,2	0 %	98 %

mannsbarn að meðaltali rúmar 7 milljónir króna á verðlagi 2015. Innan við 90% landsmanna búa þar sem meðalframleiðsla er minni og innan við 10% eru þar sem framleiðsla á mann er meiri. Á Suðurlandi er framleiðslan 5½ milljón á mann. Tæplega 90% landsmanna eiga heima þar sem framleiðsla er meiri og innan við 10% eru þar sem hún er minni. Hlutfallið þarna á milli, 7,1/5,5 er 1,3. Framleiðsla á mann er tæpum 30% meiri á höfuðborgarsvæðinu en á Suðurlandi. Hlutfallið hefur lítið breyst frá 2012. Svipaða sögu er að segja frá

öðrum Evrópulöndum. Í ríkjum Evrópusambandsins hefur munur á tekjum eftir svæðum lítið breyst allt frá því að fjármálakreppan skall á 2008, en hratt hafði dregið saman með svæðunum árin á undan.<sup>3</sup>

Sjávarútvegur er rúmur þriðjungur framleiðslu á Vestfjörðum árið 2012, en rúmur fjórðungur árið 2019. Hér er framleiðsla skoðuð á hlaupandi verði, en ekki föstu, eins og annars staðar í skýrslunni. Gengishækkun krónunnar skýrir breytinguna að hluta, en vestfirskt atvinnulíf er líka fjölbreyttara en áður. Fiskeldi fer úr 1½% af framleiðslu á Vestfjörðum árið 2012 í 8½% 2019. Þá vekur athygli að hlutur sjávarútvegs minnkar úr 27% í 18% á Norðurlandi eystra – líka á hlaupandi verði. En þótt hlutur sjávarútvegs minnki á Vestfjörðum er hann hvergi mikilvægari en þar og á Austurlandi. Hvergi munar jafnmiklu um fiskeldi og á Vestfjörðum – en það er meira en 1% framleiðslu á Suðurnesjum og Austurlandi árið 2019. Stóriðja vegur þungt í framleiðslu á Austurlandi og Vesturlandi. Þjónustugreinar, sem tengjast meðal annars þjónustu við ferðamenn, verslun, hótél, veitingahús, samgöngur og fjarskipti, vega þyngst á Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi. Þá vekur athygli að hlutur opinberrar þjónustu af framleiðslu er heldur minni á höfuðborgarsvæðinu en utan þess. Skattar og gjöld renna ekki úr héraði ef marka má þessa mælingu. Hæst er hlutfall opinberrar þjónustu á Norðurlandi vestra. Hafa verður í huga að munur er bæði á teljurum (fyrir ofan strik) og nefnurum (fyrir neðan strik). Framleiðsla á mann er meiri á höfuðborgarsvæðinu en í flestum öðrum landshlutum. En samkvæmt skýrslu Bygðastofnunar frá því fyrr á þessu ári er hlutur höfuðborgarsvæðisins í fjölda ríkisstarfsmanna meiri en í íbúafjölda. Þar eru 72% ríkisstarfsmanna, en ekki nema 64% íbúanna. Þetta á ekki við neinn annan landshluta.<sup>4</sup>

<sup>3</sup> Philippe Monfort, 2020, Convergence of EU regions redux, recent trends in regional disparities, útg. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

<sup>4</sup> Þorkell Stefánsson, 2021, Hvar eru ríkisstörfin? Fjöldi ríkisstarfa 31.12.2020, sótt af: [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Starfagreining/31.12.2020/rikisstorf\\_31-12-2020.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Starfagreining/31.12.2020/rikisstorf_31-12-2020.pdf)

Tafla 4. Skipting á atvinnugreinar 2012 á verðlagi 2012

	Höfuð- borgar- svæði	Utan höfuð- borgarsv. Suðurnes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Allt landið	
Landbúnaður	0%	3%	0%	3%	1%	7%	3%	1%	7%	1%
Sjávarútvegur	3%	24%	17%	21%	36%	14%	27%	30%	19%	10%
Fiskeldi	0,0%	0,3%	0,7%	0,1%	1,4%	0,2%	0,3%	0,0%	0,2%	0,1%
Iðnaður	7%	13%	5%	24%	7%	11%	11%	25%	8%	9%
Verslun, hótél, veit., samgöngur, fjarskipti	24%	14%	26%	10%	12%	13%	11%	10%	15%	21%
Byggingar, veitur	10%	10%	14%	9%	9%	13%	9%	7%	12%	10%
Fjármál, leiga, sérfræðipjónusta	31%	14%	17%	12%	13%	14%	15%	13%	13%	26%
Opinber þjónusta	20%	20%	18%	20%	20%	27%	22%	13%	23%	20%
Ýmis starfsemi	3%	2%	2%	2%	1%	1%	2%	1%	2%	2%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

## Munur á framleiðslu á mann eftir landshlutum er óvída minni en hér

Lönd	90./10. persentíl
Rúmenía	4,6
Írland	4,5
Pólland	3,6
Ítalía	2,8
Ungverjaland	2,8
Frakkland	2,7
Belgía	2,6
Grikkland	2,2
Spánn	2,0
Þýskaland	1,9
Holland	1,8
Danmörk	1,8
Svíþjóð	1,8
Austurríki	1,7
Finnland	1,7
Ísland	1,3

Stundum er sagt að hagtölur landshluta segi meiri sögu en tölur um heil lönd. Miklu munar á framleiðslu á mann í Austur-og Vestur-Þýskalandi og mikill munur er líka á lífskjörum í norðurhluta og suðurhluta Ítalíu. Þá er velsæld miklu meiri í norðausturhéruðum Spánnar en sunnar í landinu. Taflan sýnir mun á framleiðslu á mann í ríkustu og fátækustu héruðum nokkurra Evrópusambandslanda – og Íslands – árið 2017. Í teljaranum eru meðaltekjur í 90. hundraðsmarki – 90% landsmanna eiga heima á svæðum þar sem meðaltekjur eru minni (samanber umfjöllun um töflu 2 hér að framan). Fyrir neðan strik er 10. hundraðsmark – 10% landsmanna eiga heima á svæðum þar sem meðaltekjur eru meiri. Leiðrétt er fyrir mun á verðlagi.<sup>5</sup> Á Írlandi og í nokkrum Austur-Evrópulöndum var framleiðsla á mann fjórum til fimm sinnum meiri í ríkustu héruðunum en þeim fátækustu. Munurinn er tvö- til þrefaldur á Ítalíu, í Frakklandi og í Belgíu, en minnstur er hann í Danmörku, Svíþjóð, Austurríki og Finnlandi. Neðst er Ísland, samkvæmt Hagtölum landshluta fyrir 2017. Hafa verður tvo fyrirvara á samanburðinum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að sama verðlag sé á 90. hundraðsmarki hér á landi, höfuðborgarsvæðinu, og 10. hundraðsmarki, sem er á Suðurlandi. Í öðru lagi eiga 2/3 hlutar landsmanna heima á höfuðborgarsvæðinu. Tekjumunurinn yrði meiri ef því væri skipt í nokkra hluta. Að öllum líkindum yrði munur á svæðum þó enn með því minnsta sem gerist í Evrópu.

Tæpur helmingur landbúnaðar hér á landi er á Suðurlandi og þriðjungur fiskeldis er á Vestfjörðum. Sjávarútvegur dreifist allt í kringum landið, en stærstur hluti er á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi eystra. Iðnaður er öflugur á höfuðborgarsvæðinu,

<sup>5</sup> Monfort, Philippe, 2020, Convergence of EU regions redux. Recent trends in regional disparities. Útg. Evrópusambandið.



Vesturlandi, Norðurlandi eystra og Austurlandi. Alls kyns þjónusta er að miklu leyti bundin við höfuðborgarsvæðið, en þjónustukjarnar eru á Suðurnesjum, Suðurlandi og Norðurlandi eystra.

Tafla 5. Skipting á atvinnugreinar 2019 á verðlagi 2019

	Höfuð- borgar- svæði	Utan höfuð- borgarsv.	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Allt landið
Landbúnaður	0%	3%	0%	2%	1%	7%	2%	1%	6%	1%
Sjávarútvegur	2%	16%	9%	17%	27%	12%	18%	27%	10%	6%
Fiskeldi	0,1%	1,2%	1,4%	0,3%	8,3%	0,0%	0,6%	1,1%	0,6%	0,5%
Iðnaður	5%	10%	3%	20%	7%	9%	10%	20%	6%	7%
Verslun, hótél, veit., samgöngur, fjarskipti	27%	19%	30%	13%	12%	15%	14%	12%	23%	24%
Byggingar, veitur	12%	12%	13%	10%	9%	13%	12%	8%	14%	12%
Fjármál, leiga, sérfræðiþjónusta	30%	17%	23%	13%	11%	15%	16%	13%	16%	26%
Opinber þjónusta	20%	21%	14%	22%	22%	27%	25%	16%	22%	20%
Ýmis starfsemi	3%	3%	5%	2%	1%	2%	2%	2%	2%	3%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Tafla 6. Skipting á atvinnugreinar 2019 á verðlagi 2019

	Höfuð- borgar- svæði	Utan höfuð- borgarsv.	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Allt landið
Landbúnaður	12%	88%	2%	10%	2%	11%	17%	3%	43%	100%
Sjávarútvegur	23%	77%	9%	9%	7%	2%	23%	14%	13%	100%
Fiskeldi	18%	82%	20%	2%	34%	0%	9%	8%	9%	100%
Iðnaður	54%	46%	3%	12%	2%	2%	11%	10%	6%	100%
Verslun, hótél, veit., samgöngur, fjarskipti	76%	24%	8%	2%	1%	1%	4%	2%	6%	100%
Byggingar, veitur	69%	31%	7%	3%	1%	2%	7%	2%	8%	100%
Fjármál, leiga, sérfræðiþjónusta	80%	20%	6%	2%	1%	1%	5%	2%	4%	100%
Opinber þjónusta	67%	33%	5%	4%	2%	2%	9%	3%	7%	100%
Ýmis starfsemi	72%	28%	11%	3%	1%	1%	6%	2%	5%	100%
Alls	68%	32%	7%	4%	2%	2%	7%	4%	7%	100%

## Eftir ferðamannasprengruna

Þegar fram í sækir lifa ferðamannastaðir á umtali þeirra sem þangað koma. Langflestir erlendir ferðamenn virðast vera ánægðir með ferð sína til Íslands og þeir mundu ráðleggja öðrum að koma hingað, ef marka má kannanir Ferðamálastofu. En ekki eru allir ánægðir með þá breytingu sem orðið hefur á höfuðborginni:

Árið 2019 höfðu íbúðir í skammtímaleigu fyrir ferðamenn lagt undir sig öll hverfi höfuðborgarinnar, sem áður voru aðlaðandi. Lundabúðir voru komnar í stað kaffihúsa, veitingahúsa og bókkaverslana, sem einu sinni gerðu einu borg Íslands heillandi. Erlent starfsfólk var flutt til landsins til þess að takast á við fjölgun ferðamanna (tífoldan íbúafjöldi landsins á ári), þannig að íslensk tunga er meira að segja horfin úr miðbænum. Hrun gjaldmiðilsins þýddi að ódýr ferðaþjónusta blómstraði og fellibylurinn lagði borgina í rúst. „Það eina sem ég sá á Íslandi voru aðrir ferðamenn,“ sagði bandarískur vinur minn.


*Jared Bibler, 2021, Iceland's Secret, útg. Harriman house, Bretlandi.*

## Aðferðir við útreikninga breytast

Í skýrslunni er stuðst við tölur um afkomu fyrirtækja eftir landshlutum og atvinnugreinum sem Hagstofan tók saman. Á þeim er sá galli að fyrirtæki starfa oft víða um land og öll starfsemin er þá talin vera þar sem höfuðstöðvarnar eru. Brugðist er við þessu með því að skoða gögn um tekjur, sem flokkaðar eru eftir því hvar launþegar eiga heima. Þessar tölur eru margfaldaðar með hlutfalli rekstrartekna og launa (þ.e. rekstrartekjur/laun) úr afkomureikningum fyrir hvern landshluta og atvinnugrein. Þannig fæst mat á þáttatekjum eftir landshlutum og atvinnugreinum, sem bera má saman við birtar tölur Hagstofunnar fyrir allt landið. Til þessa hefur margfaldarinn verið reiknaður fyrir hvert ár, en nú er allan tímann notaður sami margfaldari, sem er jafn meðalhlutfalli rekstrartekna og launa öll árin sem skoðuð eru. Þetta er eðlilegra en að reikna margfaldara fyrir hvert ár, því að tölurnar eiga að sýna magn og magnbreytingar og sveiflur í vöruverði eiga ekki að hafa bein áhrif á þær. Reynslan sýnir að hlutfall launa af landsframleiðslu er stöðugt til langs tíma litið og því ætti að vera óhætt að fara svona að. Þess má geta að Hagstofan vinnur nú að yfirliti um starfsstöðvar fyrirtækja á landinu. Það ætti að auðvelda vinnslu á hagtölum eftir svæðum. Þá er rétt að vekja athygli á því að fjárhæðir í skýrslunni eru á verðlagi ársins 2015, nema annað sé tekið fram.

## Góður vöxtur á höfuðborgarsvæðinu


Að meðaltali var 4,4% hagvöxtur á höfuðborgarsvæðinu frá 2012 til 2019 og er það tæpum 2% meira en búast má við í meðalári. Frá 2012 til 2016 var meiri hagvöxtur á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar, en eftir það var vöxturinn meiri í öðrum landshlutum. Þegar litið er á allt tímabilið frá 2012 til 2019 munar sáralitlu á vexti á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, þó að borgin sé sjónarmun á undan. Að því leyti er vaxtarskeiðið ólíkt uppganginum í byrjun aldarinnar, sem var að miklu leyti bundinn við höfuðborgarsvæðið og Austurland. Lítið var smíðað af íbúðum fyrstu árin eftir hrun bankanna 2008, en aukinn kraftur færðist í smíðina á seinni hluta tímabilsins. Árið 2012 var byrjað á rúmlega 450 íbúðum á höfuðborgarsvæðinu og lokið við um 830, en árið 2019 var byrjað á 2.700 íbúðum og lokið við 2.050. Erlendir ferðamenn ollu mestu um mikinn hagvöxt framan af, en seinni árin á hagvöxtur sér fjölbreyttari



Hagvöxtur meiri á höfuðborgarsvæðinu en í öðrum landshlutum til 2016, en minnkar síðan.

skýringar. Vöxtur er í leigu og viðskiptum með fasteignir, vísindarannsóknun og þróunarstarfsemi og upplýsingatækni. Þá eykst starfsemi hins opinbera á öllum sviðum, stjórnsýslu, fræðslu, heilbrigðis- og félagsþjónustu. Samsetning atvinnulífs í höfuðborginni breyttist lítið frá 2012 til 2019. Hluttur þjónustugreina sem að nokkru leyti má tengja við ferða-


mennsku, verslunar, hótela og veitinga, samgangna og fjarskipta, jókst úr 24% í 27%. Hlutfall hvers kyns þjónustu er meiri en annars staðar, enda sækir fólk af öllu landinu þjónustu til höfuðborgarinnar. Reyndar er opinber þjónusta undantekning, en hún er aðeins stærri hluti framleiðslu utan höfuðborgarinnar, eins og rætt var hér að framan. Árið 2020 skall á farsótt í heiminum og ferðum til landsins fækkaði. Það hafði töluverð áhrif á atvinnu um hríð, en á seinni hluta árs 2021 tók hagkerfið vel við sér og atvinnuleysi minnkaði aftur að mun. Atvinnurekendur tóku að kvarta undan því að erfitt væri að fá starfsfólk á innlendum vinnumarkaði.



þjónustugreinar og byggingar voru stærstu atvinnugreinar á höfuðborgarsvæðinu 2019.


## Vöxtur utan höfuðborgarsvæðisins litlu minni en í borginni

Að jafnaði var 4,2% hagvöxtur utan höfuðborgarsvæðisins árin 2012 til 2019. Vöxturinn er 1½% meiri en að jafnaði á landinu öllu undanfarna fjóra áratugi, en honum er mjög misskipt á landshluta eins og fram kemur hér á eftir. Langmestur er hagvöxturinn á Suðurnesjum og Suðurlandi, en minnstur á Austfjörðum og Norðurlandi. Vöxturinn er fjölbreyttur og samsetningin er um flest á líkan veg og í höfuðborginni á þessum árum. Þjónustugreinar sem tengja má að nokkru leyti við ferðaþjónustu, verslun, hótél, veitingar, samgöngur og fjarskipti, skýra þriðjung 33% vaxtar á öllu tímabilinu. Mest vaxa þessar greinar á Suðurnesjum og Suðurlandi. Þá hefur nokkur kraftur hlaupið í húsasmíði á



Hagvöxtur utan höfuðborgarsvæðisins var yfir meðallagi flest árin.

2019 og er það svipaður munur og 2012. Nokkrar breytingar hafa orðið á samsetningu atvinnulífsins þegar hún er skoðuð á hlaupandi verðlagi. Þjónustugreinar sem tengjast ferðamennsku að hluta til, verslun, hótél, veitingar, samgöngur og fjarskipti, vega þyngra en áður. Hluttur þeirra vex úr 14% 2012 í 19% 2019. Þá minnkar hluttur sjávarútvegs á hlaupandi verði, úr 24% 2012 í 16% árið 2019. Þetta kann að koma á óvart í ljósi þess að meira er framleitt af sjávarafurðum en áður. En meginskýringin er sú að verð sjávarafurða lækkaði um 15% í krónum frá 2012 til 2019, eins og eðlilegt er þegar gengi krónunnar




hækkar, en hún hækkaði um rúm 20% gagnvart viðskiptamyntum þessi ár. Farsóttin sem skall á 2020 leiddi til mikils samdráttar í ferðaþjónustu og atvinnuleysi jókst um tíma víða um land, en mest á Suðurnesjum og Suðurlandi.

Vægi sjávarútvegs og iðnaðar er minna 2019 en 2012 utan höfuðborgarsvæðisins.


## Efnahagsundur á Suðurnesjum

Hagvöxtur var geysimikill á Suðurnesjum á hátindi ferðamannabylgjunnar, en minnkaði hratt eftir 2017. Vöxturinn tengist að mestu leyti umsvifum á Keflavíkurflugvelli. Stærstan hlut í vextinum eiga greinar sem tengjast ferðaþjónustu að hluta, verslun, hótél, gistingar, samgöngur og fjarskipti. Næstmikilvægasta skýringin eru fasteignaviðskipti, leiga og fjármálastarfsemi af ýmsu tagi. Byggingarstarfsemi er líka stór liður. Hluti af vextinum sem hér mælist er vegna verkefna sem Suðurnesjamenn vinna á höfuðborgarsvæðinu, en í þessu uppgjöri er framleiðsla talin vera þar sem starfsfólkið á heima. Árin 2012-2019 fluttu tæplega 600 hundruð manns frá höfuðborgarsvæðinu til Suðurnesja umfram þá sem fluttu til borgarinnar, en á Suðurnesjum er fermetraverð í sérbýli 25-35% lægra en í borginni. Samtals jókst framleiðsla á Suðurnesjum um 75% frá 2012 til 2019. Uppgangur í þessum landshluta er sérlega merkilegur í ljósi þess að Keflavík og nágrenni urðu illa úti í bankahruninu 2008 og áður varð byggð á þessum slóðum fyrir áfalli þegar



*Geysimikill vöxtur varð á Suðurnesjum meðan fjöldi ferðamanna jókst sem hraðast.*

bandarískt herlið hvarf frá Keflavíkurflugvelli árið 2006. Ekki er nóg með að framleiðsla hafi vaxið hratt í þessum landshluta heldur hefur framleiðsla á hvern íbúa einnig aukist hraðar en annars staðar. Árið 2012 var framleiðsla á mann 4,4 milljónir króna á verðlagi 2015, 78% af landsmeðaltali og hvergi minni hér á landi. Árið 2019 hafði framleiðslan aukist í 5,9 milljónir á sama verðlagi og var 89% af landsmeðaltali. Framleiðsla á mann var minni í fjórum landshlutum, en reyndar er aðeins sjónarmunur á Suðurnesjum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra. Skýringin á hækkandi tölum gæti að nokkru legið í því að á vaxtarsvæðum er mikið um erlenda starfsmenn sem koma á háannatímum og staldra stutt við og eru því ekki taldir með í mannfjölda um áramót. Mannfjöldinn kann því að vera vantallinn og framleiðsla á mann ofáætluð. Sem fyrr segir tengist vöxturinn ferðaþjónustu að miklu leyti.




*3Hlutar greina sem tengjast ferðaþjónustu er hvergi meiri en á Suðurnesjum.*

Greinar sem tengja má við hana að nokkru leyti, verslun, hótél, veitingar, samgöngur og fjarskipti, eru hvergi eins stór hluti framleiðslu og á Suðurnesjum. Enginn landshluti varð heldur eins illa úti í farsóttinni, en þá stöðvuðust ferðir útlendinga hingað að mestu. Skráð atvinnuleysi á Suðurnesjum var tæp 16% árið 2020. Haustið 2021 dró mjög úr atvinnuleysinu, þótt það sé enn yfir landsmeðaltali. Gera má ráð fyrir að atvinnulífið taki við sér eftir því sem dregið verður úr hömlum á ferðir fólks í heiminum.


## Vöxtur af fjölbreyttum toga á Vesturlandi

Þrátt fyrir að höfuðborgin sé við bæjardyr Vesturlands hafði straumur ferðamanna miklu minni áhrif þar en í höfuðborginni, á Suðurnesjum og Suðurlandi. Hagvöxtur var engu að síður kraftmikill flest árin. Öll árin frá 2014 til 2018 var 3½% hagvöxtur eða meira, en að meðaltali var vöxturinn 3,4% 2012-2019. Hann er af fjölbreyttum toga, en á sér þó einkum þrjár skýringar. Af 26% vexti í framleiðslu frá 2012 til 2019 leggja þjónustugreinar, sem tengja má að hluta við ferðaþjónustu, verslun, hótél, veitingar,



samgöngur og fjarskipti, til um 6% vöxt. Iðnaður leggur til um 5½%. Stærstu iðnfyrirtæki á Vesturlandi eru álver og járnblendiverksmiðja á Grundartanga. Í þriðja lagi leggur sjávarútvegur til um 5% vöxt. Mestum afla er landað á Rífi, í Ólafsvík og á Grundarfirði. Vesturland er eitt af helstu iðnaðarsvæðum landsins vegna stóriðju á Grundartanga, en sjávarútvegur er líka

mikilvæg atvinnugrein. Á hlaupandi verðlagi minnkar hlutur þessara tveggja útflutningsgreina frá 2012 til 2019 vegna hækkunar krónunnar. Aðeins um 2% framleiðslunnar eru í landbúnaði. Byggð styrktist á Akranesi eftir að Hvalfjarðargöng voru opnuð árið 1998. Samkvæmt þjónustukönnun Byggðastofnunar frá 2018 sóttu þá 15% Vestlendinga vinnu á höfuðborgarsvæðinu, flestir væntanlega frá Akranesi. Húsnæðisverð er 10-15% lægra þar en á höfuðborgarsvæðinu, en hærra en annars staðar á Vesturlandi, meðal annars vegna nálægðar við höfuðborgina. En margir höfuðborgarbúar sækja líka vinnu í álveri og



járnblendiverksmiðju á Grundartanga. Árin 2012 til 2019 fluttu fleiri Vestlendingar til höfuðborgarinnar en hina leiðina. Ferðaþjónusta er sem fyrr segir ekki mjög mikil á Vesturlandi og því hafði farsóttin minni áhrif á atvinnulíf í þessum landshluta en á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Suðurlandi. Líklegt er að byggð á Akranesi styrkist með Sundabraut, en með henni stýttist leiðin til


Reykjavíkur um 5-8 km. Vegagerðin gerir ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist árið 2025.<sup>6</sup>

<sup>6</sup> Vegagerðin, 2021, Ný Sundabrautarskýrsla kynnt, frétt 4.2. Sótt af: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/frettir/sundabru-hagkvaemari-en-jardgong>.




## Aukning í sjávarútvegi og eldi á Vestfjörðum

Á Vestfjörðum var að meðaltali 3,2% hagvöxtur árin 2012 til 2019. Framleiðsla jókst um 25%. Íbúum fjölgaði lítillega og hagvöxtur á mann var 3% á ári. Þetta er töluverð breyting frá fyrsta áratug aldarinnar þegar framleiðsla dróst ýmist saman eða jókst lítið og íbúum fækkaði. Vöxturinn er af fjölbreyttum toga: Af 25% vexti leggur sjávarútvegur til 6½%, fiskeldi 5%, verslun, hótél, veitingar, samgöngur og fjarskipti leggja til 3½% og iðnaður og byggingar rúm 3%, hvor grein. Mestu munar um uppgang í



Hagvöxtur var sveiflukenndur, en mikill 2012-2019

Vestfjarða og útlanda. Heldur hefur hallað á Vestfirði í flutningunum. Samtals fluttu 4.966 manns frá Vestfjörðum á árunum 2012 til 2019, en 4.314 fluttu þangað á sama tíma. Innflytjendum fjölgar í þessum landshluta. Erlendir ríkisborgarar voru 9% Vestfirðinga árið 2012, en 16% árið 2019. Atvinnulífið er fjölbreyttara 2019 en 2012. Hluttur sjávarútvegs hrapar úr 36% í 27%, en er raunar hvergi jafnmikill, nema á Austurlandi. Hækkun krónunnar ræður miklu um breytinguna. Segja má að fiskeldi fylli í




Sjávarútvegur og fiskeldi vega þyngra í atvinnulífi á Vestfjörðum en annars staðar.

sjávarútvegi, en mesta athygli vekur líklega vöxtur fiskeldis. Fiskeldi er tæplega 8½% af framleiðslu á svæðinu árið 2019, en hlutdeildin var 1½% 2012. Sérstaklega munar um eldið á sunnanverðum Vestfjörðum þar sem byggð stóð um tíma höllum fæti. Mikið er um að fólk flytji til Vestfjarða og þaðan. Mestir flutningar eru milli Vestfjarða og höfuðborgarsvæðisins og

skarðið, því að hluttur annarra atvinnugreina breytist lítið. Gera má ráð fyrir að fiskeldi vaxi áfram hratt, en útflutningur á eldisfiski jókst um tæp 20% frá 2019 til 2020. Rúmur þriðjungur fiskeldis hér á landi er á Vestfjörðum. Verðmæti landaðs sjávarafra hefur verið heldur minna 2020 og 2021 en 2019, en það var reyndar óvenjugott ár.


## Hægur vöxtur á Norðurlandi vestra

Hagvöxtur var að jafnaði tæp 2½% á Norðurlandi vestra á árunum 2012 til 2019. Það er um 2% undir vexti í öðrum landshlutum og heldur undir meðaltali hér á landi undanfarna áratugi, en meira en í þessum landshluta framan af öldinni. Framleiðsla á mann er innan við 80% af landsmeðaltali og hvergi minni. Hagvöxtur á Norðurlandi vestra á árunum 2012 til 2019 á sér margar skýringar. Greinar sem tengja má að nokkru við ferðaþjónustu, þ.e. verslun, hótél, veitingar, samgöngur og fjarskipti, skýra rúm 5% af



Vöxtur var meiri á Norðurlandi vestra en oft áður - en langt undir landsmeðaltali.

mannfjöldans. Landbúnaður er hvergi eins mikilvægur og hér. Sjávarútvegur vegur hins vegar minna en víða utan höfuðborgarsvæðisins. Samanlagður hlutur frumgreina er því ekki mikill. Opinber þjónusta er hvergi eins stór hluti framleiðslunnar og hér. Frá aldamótum hefur hagvöxtur verið minni á Norðurlandi



Landbúnaður og opinber þjónusta eru stærri atvinnugreinar á Norðurlandi vestra en í öðrum landshlutum.


18% vexti, en sjávarútvegur 3½% og iðnaður og byggingar 3% hvor grein. Nokkur vöxtur var einnig í fjármálum og leigu. Vöxtur dreifist misjafnlega um svæðið. Fólki fjölgar á Blönduósi og í Húnaþingi vestra, en fólksfjöldi stendur í stað í Skagafirði. Á Skagaströnd og víða til sveita fækkar fólki. Alls fluttu tæplega hundrað manns af svæðinu umfram aðflutta á árunum 2012-2019, en það er ríflega 1%

vestra en í flestum landshlutum. Straumur ferðamanna hafði minni áhrif hér en á Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi. Hér er ekki heldur jafnöflugur þjónustu- og menntakjarni og á Norðurlandi eystra. Fátt bendir til annars en að vöxtur verði áfram undir landsmeðaltali.



## Samfelldur vöxtur á Norðurland eystra, en alltaf minni en í öðrum landshlutum


Hagvöxtur var að meðaltali ríflega 2½% á ári frá 2012 til 2019 á Norðurlandi eystra. Samfelldur vöxtur er í framleiðslunni allan tímann. Vöxturinn fylgir nokkuð vel sveiflum í öðrum landshlutum, en er alltaf minni. Þar munar mestu að erlendir ferðamenn voru ekki jafnmargir og á suður- og suðvesturhluta landsins. Straumur ferðamanna hafði sennilega mest áhrif á Mývatni og nágrenni. Fjöldmörg skemmtiferðaskip koma við á Akureyri og þaðan fara flestir gestir í hringferð um Þingeyjarsýslur. Af



Á Norðurlandi eystra var samfelldur vöxtur 2012-2019, en alltaf minni en í öðrum landshlutum.

28% vexti skýra greinar sem tengja má við ferðamennsku, verslun hótél, veitingar, samgöngur og fjar-skipti, um 5½%, byggingar skýra 5% og iðnaður, fjármál og opinber þjónusta um 3% hver grein. Um 700 manns fluttu til annarra landshluta umfram aðflutta og eru það tæplega 2½% mannfjöldans 2012. Á hinn bóginn fluttu rúm-

lega 1.300 manns frá útlöndum umfram þá sem fluttu þaðan. Fólki fjölgar mikið við Mývatn á tímabilinu og nokkur fjölgun er einnig á Húsavík og Akureyri og nágrenni. Fjölgun við Mývatn tengist straumi ferðamanna og fjölgun á Húsavík nýju kísilveri sem hóf störf 2018. Opinber þjónusta er stærri hluti framleiðslunnar en í flestum öðrum landshlutum og má líkast til skýra það með skólamiðstöð á Akureyri, en þar er meðal annars háskóli og heilbrigðisstarfsemi. Árið 2016 fluttist menntun lögreglumanna til háskólans. Iðnaður er á Akureyri, Dalvík og Húsavík. Rekstur kísilvers á Húsavík gekk brösuglega framan af og ofnum fyrirtækisins var lokað um tíma. En afurðaverð hefur hækkað og í apríl 2021 hóf kísilverið rekstur á ný. Hagvöxtur hefur lengi verið




Skólar á Akureyri skýra hátt hlutfall opinberrar þjónustu á Norðurlandi eystra.

nokkuð stöðugur í þessum landshluta, einkum á Akureyri og nágrenni. Samdráttur í ferðaþjónustu kemur illa við Mývatn og nágrenni, en annars breytir hann ekki miklu í þessum landshluta.


## Atvinnulíf á Austurlandi enn að laga sig að tilkomu álvers

Hagvöxtur var nokkur á Austurlandi öll árin nema 2016, en alltaf minni en annars staðar á landinu. Að jafnaði var 1½% hagvöxtur á ári á Austurlandi frá 2012 til 2019, minni en í nokkrum öðrum landshluta og 1% undir meðalhagvexti á Íslandi undanfarna fjóra áratugi. Sennilegasta skýringin er að landshlutinn sé enn að laga sig að tilkomu álvers í Reyðarfirði undir lok fyrsta áratugar aldarinnar. Áhrif álversins ná víða um Austurland. Í þjónustukönnun sem Byggðastofnun gerði árið 2018 kom fram að 19% svarenda



Hægur hagvöxtur var á Austurlandi nær öll árin frá 2012-2019.

ýmsum þjónustugreinum, verslun, hótélum, veitingum, samgöngum og fjarskiptum, 1% með byggingum og ríflega ½% með fiskeldi. Alls fluttu tæplega 1.000 manns frá Austurlandi til annarra landshluta umfram aðflutta á árunum 2012 til 2019, en það eru rétt tæp 10% mannfjöldans 2012. Á móti fluttu álíka margir frá útlöndum, umfram þá sem fluttu þangað, þannig að í heild var flutningsjöfnuðurinn nokkurn veginn á sléttu. Framleiðsla á mann er hvergi meiri en á Austurlandi. Það má bæði skýra með dýrum framleiðslutækjum og háum launum. Álverið í Reyðarfirði er í erlendri eigu og arður af því rennur úr



Sjávarútvegur og iðnaður eru mikilvægustu atvinnuvegir á Austurlandi.


landi og utanhéraðsmenn eiga líka stóran hlut í fyrirtækjum í sjávarútvegi á svæðinu. En tekjur fólks, bæði atvinnutekjur og heildar-tekjur, eru meiri að meðaltali en í öðrum landshlutum, utan höfuðborgarsvæðisins. Sjávarútvegur er hvergi mikilvægari atvinnugrein en á Austurlandi, og árið 2019 er hlutfall hans í framleiðslu aðeins jafnmikið á Vestfjörðum. Álver í Reyðarfirði skýrir stóran hlut iðnaðar. En á hlaupandi verðlagi minnkaði hlutur þessara tveggja atvinnugreina frá 2012 til 2019 vegna gengishækkunar krónunnar. Ekki virðist vera mikið svigrúm fyrir vöxt í mikilvægustu atvinnugreinum á Austurlandi, sjávarútvegi og iðnaði. Sóknarfæri gætu aftur á móti verið í ferðaþjónustu og fiskeldi, en á sunnanverðum Austfjörðum skiptir eldi orðið þó nokkru máli í atvinnulífi.

sóttu vinnu til Reyðarfjarðar – og eru þá ekki taldir þeir sem þar eiga heima. Góð laun hafa verið greidd í álverinu. Þá starfa á svæðinu sterk fyrirtæki í sjávarútvegi, sem borga einnig góð laun. Tilvist þessara öflugu vinnustaða kann að hafa áhrif á ákvarðanir um að koma á fót annarri starfsemi. Af 11% vexti í framleiðslu frá 2012 til 2019 má skýra tæpan helming, eða 5%, með vexti í sjávarútvegi, ríflega 2½% með vexti í

landi og utanhéraðsmenn eiga líka stóran hlut í fyrirtækjum í sjávarútvegi á svæðinu. En tekjur fólks, bæði atvinnutekjur og heildar-tekjur, eru meiri að meðaltali en í öðrum landshlutum, utan höfuðborgarsvæðisins. Sjávarútvegur er hvergi mikilvægari atvinnugrein en á Austurlandi, og árið 2019 er hlutfall hans í framleiðslu aðeins jafnmikið á Vestfjörðum. Álver í Reyðarfirði skýrir stóran hlut iðnaðar. En á hlaupandi verðlagi minnkaði hlutur þessara tveggja atvinnugreina frá 2012 til 2019 vegna


## Hagvöxtur á Suðurlandi yfir landsmeðaltali

Að jafnaði var 5% hagvöxtur á Suðurlandi árin 2012 til 2019. Vöxturinn er yfir landsmeðaltali og nálægt 2½% yfir meðalvexti á landinu öllu undanfarna fjóra áratugi. Athygli vekur að góður vöxtur helst árin 2018 og 2019, þrátt fyrir að hægt hafi á uppsveiflu í straumi ferðamanna hingað til lands. Ferðaþjónusta er megin skýringin á vextinum þegar horft er yfir allt tímabilið frá 2012 til 2019. Af 45% vexti framleiðslunnar frá 2012 til 2019 skýra greinar sem tengja má að hluta við ferðaþjónustu, verslun, hótél,



4 Hagvöxtur á Suðurlandi er meiri en í öðrum landshlutum mestallan tímenn.

útlöndum. Á tímabilinu frá 2012 til 2019 fluttu um 3.000 manns frá útlöndum til Suðurlands umfram þá sem fluttu þangað. Fólksflutningar skýra megnið af smíði nýrra húsa, en einnig hefur verið töluverð uppbygging í ferðaþjónustu á Suðurlandi. Vægi þjónustugreina sem tengja má að nokkru við ferðaþjónustu jókst mikið á tímabilinu og er orðið upp undir jafnmikið og á höfuðborgarsvæðinu.



5 Hlutur þjónustugreina hefur vaxið í atvinnulífi á Suðurlandi.

veitingar, samgöngur og fjarskipti, 18% vöxt. Byggingar skýra 8% vöxt, fjármál, leiga og sérfræðiþjónusta 8½% og opinber þjónusta 3%. Mikið hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði á Selfossi og víðar. Á árunum 2012 til 2019 fluttu um 850 manns til Suðurlands frá öðrum landshlutum, umfram brottflutta. Flestir komu af höfuðborgarsvæðinu og sumir vinna þar áfram, en eiga heima í ódýrum húsum á Suðurlandi. Í þjónustukönnun Bygðastofnunar sem gerð var 2018 kom fram að 11% Sunnlendinga sóttu vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Margir hafa líka flutt frá Vestmannaeyjar eru aðalútgerðarhöfnin, en útgerð er einnig stunduð frá Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn. Samgöngur við höfuðborgarsvæðið fara batnandi. Bætt hefur verið við akreinum á stórum hluta vegarins austur yfir Fjall og unnið er að því að tvöfalda kaflann milli Hveragerðis og Selfoss. Þessar breytingar auðvelda sókn í vinnu og þjónustu yfir Helligheiði. Á hinn bóginn kemur samdráttur í ferðaþjónustu illa við svæðið. Ómögulegt er að áætla hvað hann stendur lengi.